

Nd.

138. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. á þskj. 31 er flutt til staðfestingar á brbl. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip Hvals hf. til gæzlustarfa fyrir Landhelgisgæzluna. Þegar brbl. voru sett, höfðu ekki tekizt samningar um leigu slíks skips, enda hvalvertíð ekki lokið. Hinn 14. okt. s. l. tókust hins vegar samningar um leigu eins hvalveiðiskips, þar sem m. a. er það ákvæði um leigutímann, að forráðamönnum Hvals hf. skuli tilkynnt fyrir 1. marz n. k., hversu lengi Landhelgisgæzlan telur nauðsynlegt að hafa skipið á leigu. Fyrir þá sök er lagasetning um leigunám hvalveiðiskips til landhelgisgæzlustarfa óþörf.

Þótt það sé á valdi löggjafans að heimila leigunám, hlýtur stefna hans að vera sú að veita ekki slíkar heimildir nema í sérstökum undantekningartilfellum og þá um tiltekinn, skýrt afmarkaðan tíma. Slík regla á sérstaklega við, þegar um atvinnutæki er að ræða.

Undirritaðir draga ekki í efa, að Landhelgisgæzlan hafi verið í þörf fyrir aukinn skipakost á s. l. hausti, en eins og fyrr segir, hefur að nokkru verið bætt úr honum með leigusamningnum við Hval hf.

Af því, sem hér hefur verið rakið, leggjum við undirritaðir til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að samningar hafa tekizt milli dómsmálaráðuneytisins og Hvals hf. um leigu hvalveiðiskips fyrir Landhelgisgæzluna og ekkert liggur fyrir um, að til leigunáms á þessu eða öðrum hvalveiðiskipum þurfi að grípa, sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. des. 1972.

Halldór Blöndal,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.